

Efni kvöldsins

+ Júdasarbók

+ Enok og aðalatriðið,

+ Eitt með Orðinu/Kristi, mikilvægast af öllu og gera aðra að lærisveinum.

+ Sjálfið verður að deyja, við verðum að lifa í andanum og hlýðni

+ The Token, ávextir um breytt líf og hugsunarhátt

+ First love og tímarnir sem við lifum á !!

+ Orð og trú, Zig Zíglar saga

+ Allir fá sama daginn, aðstæður okkar eru kannski ekki eins, en það er fyrst og fremst hugarfar okkar og trú sem ákveða hvernig okkur mun líða og vegna.

+ Það sem á að fylgja þeim sem trúa

Næstum allir lærisveinarnir og Jesús sjálfur varar við falspámönnum, falskennendum, afvegaleiðendum, óguðlegir menn

Páll í mörgum bréfum varar við, hvernig mennirnir verða á síðustu tímum, menn sem smeygja sér inn á heimili, kerlingaævintýri,

Jakob lagði áherslu á hvernig við eigum að vera og lifa í sínu bréfi.

Hebreabréfið er dýpri kennsla um hver Kristur er, hvíldina, trú og fl.

Opinberunarbókin er svo mín uppáhaldsbók því ég er ekki af þessari jörð og ég vænti nýrrar jarðar þar sem réttlæti býr sbr. Jesaja 26. Þúsundaráriki þar sem Jesús ríkir og Djöfulinn er bundinn. Lífið hér er streð, stöðug barátta við heimsdrottna þess myrkurs og veldi óvínarins.

Vers

Fyrri Korintubríf 2:2

"Er ég kom til yðar, bræður, og boðaði yður leyndardóm Guðs, kom ég ekki með frábærri mælskusnild eða speki. -2- Ég ásetti mér að vita ekkert á meðal yðar, nema Jesú Krist og hann krossfestan. -3- Og ég dvaldist á meðal yðar í veikleika, ótta og mikilli angist. -4- Orðræða mín og prédikun studdist ekki við sannfærandi vísdomsorð, heldur við sönnun anda og kraftar, -5- til þess að trú yðar væri eigi byggð á vísdomi manna, heldur á krafti Guðs."

Annað Jóhannesarbréf 1:9

"Sérhver sem fer of langt og er ekki stöðugur í kenningu Krists, hefur ekki Guð. Sá sem er stöðugur í kenningunni, hann hefur bæði föðurinn og soninn."

Fyrri Tímóteusabréf 4:1

"Andinn segir berlega, að á síðari tímum muni sumir ganga af trúnni og gefa sig að villuöndum og lærdómum illra anda."

Síðara Tímóteusarbréf 4:2

"Prédika þú orðið, gef þig að því í tíma og ótíma. Vanda um, ávíta, áminn með öllu langlyndi og fræðslu.-
3- Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, heldur hópa þeir að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum til þess að heyra það, sem kitlar eyrun.-4- Þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og hverfa að ævintýrum.-5- En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína.-6- Nú er svo komið, að mér verður fórnfært, og tíminn er kominn, að ég taki mig upp.-7- Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna.-8- Og nú er mér geymdur sveigur réttlætisins, sem Drottinn, hinn réttláti dómari, mun gefa mér á þeim degi. Og ekki einungis mér, heldur og öllum, sem þráð hafa endurkomu hans."

Síðara Korintubríf 13:5

"Reynið yður sjálfa, hvort þér eruð í trúnni, prófið yður sjálfa. Gjörið þér yður ekki grein fyrir, að Jesús Kristur er í yður? Það skyldi vera, að þér stæðust ekki prófið."

Jóhannesarguðspjall 17 kafli.

Galatabréfið 2:20

Ég er krossfestur með Kristi. Sjálfur lifi ég ekki framar, heldur lifir Kristur í mér. Lífinu, sem ég lifi nú hér á jörð, lifi ég í trúnni á Guðs son, sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir mig.

Token

Táknið eða merkið - TOKEN er Heilagur andi. Minn vitnisburður um algjöra breytingu á hugarfari.

Sagan um Ísraelsmenn og blóðið á dyrastafina.

Fyrri kærleikur

Opinberunarbókin 2 og 3 kafli.

Zig Zíglar saga

Maður sem var með yfir 160 í greindarvísitölu var sagt að hann væri ónytjungur og vitlaus og að hann gæti ekkert lært. Þessu trúði hann og llifði undir þeirri lygi og vantrú í mörg ár, þangað til einhver tók eftir að hann væri bráðsnjall og lét hann taka greindarpróf sem skilaði allt annarri niðurstöðu en hann hafði lifað undir í mörg ár, nú trúði hann að hann væri í raun klár og gæti mun meira en áður og það varð raunin.

Hebreabréfið 11 - Fyrir trú

Mínar sögur um trú. Ég get allt sem ég tek mér fyrir hendur. Guð hefur sagt við mig að hann sé með mér í öllu sem ég tek mér fyrir hendur. Enda er ég hluti af Honum, útvalinn fyrir grundvöllun veraldar.

--